

Velferðarnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 27. október 2014

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um umboðsmann skuldara, nr. 100/2010, með síðari breytingum - upplýsingaskylda og dagsektir (159. mál)

Þann 14. október sl. leitaði velferðarnefnd Alþingis eftir umsögn embættis umboðsmanns skuldara um ofangreint þingmál.

Embættið lítur jákvæðum augum á frumvarpið í heild sinni en með því er lögð meiri áhersla en gert er í núgildandi lögum, á mikilvægi þess að upplýsingaskyldir aðilar sinni skyldu sinni, þegar umboðsmaður skuldara kallar eftir nauðsynlegum upplýsingum.

Í frumvarpinu er lagt til að gerð verði breyting á orðalagi 2. mgr. 3. gr. laga nr. 100/2010 á þann veg að einungis þurfi að koma til samþykkis skuldara fyrir vinnslu upplýsinga, þegar um er að ræða upplýsingar sem varða hann sérstaklega. Embættið telur að um mikilvæga breytingu sé að ræða í ljósi þess að núgildandi lagaákvæði gerir ráð fyrir að öll upplýsingaöflun sé í samræmi við samþykki skuldara fyrir vinnslunni. Líkt og embættið hefur greint velferðarráðuneytinu frá, þá kunna að koma upp tilvik þar sem embættið þarf að afla nauðsynlegra upplýsinga án þess að upplýsingaöflunin sé sérgreind við einstaka skuldara. Þannig kann t.d. að vera þörf á að embættið fái upplýsingar um tiltekna framkvæmd sem varða ákveðinn hóp skuldara.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 100/2010 gegnir umboðsmaður skuldara ýmsum hlutverkum, þar sem þörf kann að vera að nýta upplýsingaheimild skv. 3. gr. laganna. Almennt hefur upplýsingaöflun embættisins gengið vel við vinnslu greiðsluáðlögunarmála skv. lögum nr. 101/2010, þar sem ferli þess úrræðis er lögbundið og orðið mjög fastmótað. Hins vegar hafa komið upp nokkur tilvik, við vinnslu annarra mála, þar sem upplýsingaskyldir aðilar hafa ekki talið sér skylt að veita umbeðnar upplýsingar. Má þar sérstaklega nefna, almennar upplýsingar um ákveðna framkvæmd, sem varða ekki tiltekinn skuldara sérstaklega.

Embættið er sammála þeim athugasemdum með frumvarpinu að beiting viðurlaga í formi dagsekta, sé ávallt síðasta úrræðið sem gripið sé til, og því mun umboðsmaður skuldara áfram leitast við að afla upplýsinga í samvinnu við upplýsingaskyldan aðila. Vonir standa því til að embættið þurfi að beita dagsektum í sem fæstum tilvikum. Komi til þess að aðili neiti alfarið að veita nauðsynlegar upplýsingar þrátt fyrir skýra lagaskyldu, er það mikið til bóta að embættið hafi lagaheimild til að beita dagsektum, til þess vinnsla mála stöðvist ekki.

Virðingarfyllst,
Ásta S. Helgadóttir
Umboðsmaður skuldara